

Eldsumbrot á Reykjanesskaga

*Minjar í hættu og viðbrögð
Minjastofnunar við
náttúruvá – stöðuskýrsla*

Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen, Ómar Valur Jónasson
og Sólrún Inga Traustadóttir
2022



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundar: Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen, Ómar Valur Jónasson
og Sólrún Inga Traustadóttir.

Ljósmyndir eru teknar af höfundum þessarar skýrslu, nema annað sé tekið fram.

Kort eru unnin af Ómari Val Jónassyni nema annað sé tekið fram.

Ljósmynd á forsíðu: Eldgos hafið í Geldingadölum. Myndin er tekin á fyrsta degi gossins
þegar Oddgeir Isaksen, fornleifafræðingur á Minjastofnun, fór með þyrlu Landhelgisgæslunnar
á vettvang til að kanna hvort einhverjar fornleifar væru í hættu á svæðinu.

© 2022
Minjastofnun Íslands

ISBN: 978-9935-9576-3-4

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar	3
1 Inngangur	4
2. Rannsóknarsvæðið	5
3. Eldri fornleifaskráningarverkefni innan rannsóknar- svæðisins	7
4. Rannsóknin: aðferðir og framkvæmd	7
4.1 Fornleifaskráning	7
4.1.1 Undirbúningur og heimildaöflun	8
4.1.2 Vettvangsskráning	9
4.1.3 Friðlýstar fornleifar í þrívídd.....	10
4.2 Rannsóknir sem höfðu jarðrask í för með sér	14
4.2.1 Kjarnaborun á Ísólfskála.....	14
4.2.2 Könnunarskurður í Skálarétt á Ísólfskála.....	15
4.2.3 Borgarfjallsrétt í landi Hrauns.....	16
4.2.4 Fiskbyrgi á Ísólfskála	17
4.3 Miðlun	18
4.4 Úrvinnsla.....	19
5. Niðurstöður	19
6. Lokaorð	22
Heimildaskrá	23
Prentaðar heimildir	23
Óprentaðar heimildir.....	24
Vefsíður	24
Munnlegar heimildir.....	24
Myndaskrá	25
Viðaukar	26
Viðauki 1: Fornleifaskrá, tafla yfir skráðar minjar	26
Viðauki 2: Kort úr skýrslu og teikningar af uppmælingum	36

Grunnupplýsingar

Málsnúmer Minjastofnunar Íslands

202103-0021 Minjar í hættu vegna náttúruhamfara á
Reykjanesi

202107-0107 Ísólfskáli í Grindavíkurbæ

202107-0118 Borgarfjallsrétt. Hraun. Grindavíkurbæ

Verknúmer í vefsíðu Minjastofnunar

2626

Tilgangur rannsókna

Að skapa yfirsýn yfir minjar á áhrifsvæði eldsumbrota, með tilliti til verndunar.

Stutt lýsing rannsókna

Minjar í hættu: Eldsumbrot á Reykjanesskaga. Fornleifaskráning á vettvangi og
mat á umfangi og eðli nokkurra fornleifa

Staðsetning

Reykjanesskagi

Rannsóknartími á vettvangi


Febrúar-september 2021

Starfsmenn

Agnes Stefánsdóttir, Atli Freyr Guðmundsson, Ásta Hermannsdóttir, Björgvin
Már Zoëga Sigurðsson, Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen, Ómar Valur
Jónasson, Samantha Ann Monsen, Sólrún Inga Traustadóttir, Uggi Ævarsson og
Þór Hjaltalín.

1 Inngangur

Þann 24. febrúar 2021 hófst jarðskjálftahrina á Reykjaneskaga sem, eins og fljótlega átti eftir að koma í ljós, var af völdum kvikuhreyfinga norðaustur af Grindavík og lauk þeirri atburðarás með því að eldgos hófst í Geldingadölum við austanvert Fagradalsfjall tæpum mánuði síðar, eða 19. mars.



Mynd 1: Kortið sýnir staðsetningu og styrkleika skjálfta á Reykjaneskaga 24. febrúar 2021. Kort: Veðurstofa Íslands.

Strax við upphaf jarðhræringanna fór í gang ferli hjá fornleifaskráningarteymi Minjastofnunar Íslands er miðaði að því að afla gagna yfir minjar sem mögulega gætu orðið fyrir áhrifum af völdum þessara umbrota. Farið var yfir fyrirlliggjandi gögn úr fornleifaskráningum sem framkvæmdar höfðu verið á svæðinu en einnig var notast við gögn frá Eldfjallafræði- og náttúruvárhópi Háskóla Íslands sem unnið hafði spálíkön um hraunflæði og aðra hegðun eldsumbrotanna. Var markmiðið að skapa Minjastofnun nauðsynlega yfirsýn yfir fjölda og staðsetningu minja á svæðinu, með það fyrir augum að geta forgangsraðað minjunum með tilliti til verndunar og annarra mótvægisáðgerða.

Ráðist var í umfangsmikla vettvangsskráningu fornleifa á áhrifasvæði jarðskjálftanna og síðar eldsumbrotanna, en auk þess voru gerðar könnunarrannsóknir á völdum stöðum í formi kjarnaborana og könnunarskurða. Einnig var farið í samstarf við Antikva ehf. og NIKU (*Norsk institutt for kulturminneforskning*) um gerð þrívíddarlíkana af minjum á þremur fríðlýstum minjastöðum á Reykjanesi; í Sundvörðuhrauni austur af Eldvörpum, Húshólma og á Selatöngum.

Nú þegar þetta er ritað hefur goslokum verið formlega lýst yfir á svæðinu, í bili að minnsta kosti, en í eftirfarandi skýrslu verður greint frá framvindu og helstu


niðurstöðum rannsókna Minjastofnunar á svæðinu árið 2021. Er í raun um að ræða fyrsta áfanga í mun stærra verkefni sem kemur til með að ná yfir allan Reykjaneskaga, enda eru talsverðar líkur taldar á frekari eldsumbrotum þar á komandi árum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir minjar á svæðinu.

Undirbúningur og heimildaöflun fór fram á tímabilinu 24. febrúar til 4. mars en fyrst var farið á vettvang 5. mars og stóð sú vinna yfir (með hléum) til 10. september. Úrvinnsla gagna stendur nú yfir og er ítarlegra áfangaskýrslna úr mismunandi þáttum verkefnisins að vænta á vordögum 2022.

Verkefnið hlaut sérstaka fjárveitingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem nýtt var til ýmissa tækjakaupa auk þess sem hægt var að viðhalda ráðningu lausráðinna starfsmanna sem báru hitann og þungann af gagnaöflun á vettvangi og koma jafnframt til með að vinna að úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Þá voru ráðnir sumarstarfsmenn sem tóku þátt í vettvangsvinnu sem og frekari gagnaöflun fyrir næstu áfanga rannsókna á svæðinu.

2. Rannsóknarsvæðið


Haft var samráð við Almannavarnir og viðbragðsaðila (björgunarsveitir og lögreglu) þegar kom að því að ákveða hvaða hlutar svæðisins væru kannaðir hverju sinni, enda nauðsynlegt að taka tillit til hegðunar eldsumbrotanna til að tryggja öryggi starfsmanna. Þá voru nýjustu hraunflæðispár hafðar til hliðsjónar í sama tilgangi sem og við forgangsröðun minjastaða. Einnig voru höfð til hliðsjónar kort sem sýndu staðsetningu þekktra gossprungna og gíga á svæðinu.



Mynd 2. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu þekktra gossprungna og gíga á rannsóknarsvæðinu.

Svæðið sem var til athugunar er um 327 km² að stærð og nær yfir land Sveitarfélagsins Voga, sunnan Reykjanesbrautar, og Grindavíkurbæjar austur frá Eldvörpum að Núpshlíðarhálsi og austur fyrir Húshólma (sjá Mynd 3).

Svæðið sunnan Reykjanesbrautar og að sveitarfélagsmörkum móti Grindavíkurbæ, einkennist af úfnu hrauni. Nefnist svæðið Vogaheiði að vestanverðu, en Strandarheiði að austanverðu. Inn á milli í hrauninu eru þó gróðurvinjar eða óbrennishólmar þar sem gjarnan má finna minjar, til að mynda um selstöður frá ýmsum tímum. Svipaða sögu er að segja af þeim hluta svæðisins sem er í landi Grindavíkur, en það er einnig hulið hrauni frá mismunandi tímum inn á milli fjallahryggja sem eru að mestu uppblásnir melar. Þar er þó einnig að finna gróin svæði sem nýtt hafa verið undir selstöður og sem beitolönd í gegnum tíðina. Rannsóknarsvæðið er einstaklega erfitt yfirferðar og þótt hér og þar megi finna rudda slóða þá eru þeir yfirleitt einungis færir stærri jeppum. Liggja fæstir þessara slóða nálægt minjastöðum á svæðinu og þurfti því að nálgast flesta þeirra fótgangandi.



Mynd 3. Yfirlitskort sem sýnir umfang rannsóknarsvæðisins.



Mynd 4. Horft yfir hraunbreiðu og grænar gróðurvinjar á Reykjanesi. Á myndinni má jafnframt greina seljarústir, kenndar við bæinn Flekkuvík. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

3. Eldri fornleifaskráningarverkefni innan rannsóknarsvæðisins

Talsvert var stuðst við fyrirliggjandi fornleifaskráningargögn við undirbúning verkefnisins. Þar ber helst að nefna heildarskráningu Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga, sem í báðum tilvikum var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses. vegna aðalskipulags. Fornleifaskráning Grindavíkur var unnin á árunum 2002- 2004¹ en fornleifaskráning Sveitarfélagsins Voga á árunum 2014-2016². Aðrar helstu heimildir, sem nýttar voru eru lokaritgerð Ómars Smára Ármannssonar sem fjallar um sel og selstöður á Reykjanesi³ auk ýmissa skrifa sama höfundar o.fl. um minjatengt efni á vefsíðunni ferlir.is. Einnig mætti nefna smærri skráningarverkefni sem unnin hafa verið af ýmsu tilefni, eins og t.d. vegna vegagerðar, jarðhitavirkjunar og deiliskipulags á rannsóknarsvæðinu.

4. Rannsóknin: aðferðir og framkvæmd

4.1 Fornleifaskráning

Í raun má líta á fornleifaskráningu sem ákveðið varðveisluform í minjavernd þar sem hún felur í sér hraðvirka þekkingaröflun um minjastaði sem, í sumum tilvikum, er ekki hægt að bjarga frá aðsteðjandi hættu, eins og t.d. vegna eldsumbrota, ágangs sjávar eða skriðufalla. Fornleifaskráning skapar minjaverndaryfirvöldum auk þess mikilvæga yfirsýn sem er nauðsynleg forsenda

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2002; Þóra Pétursdóttir 2002; Þóra Pétursdóttir 2004

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Sædis Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir 2011; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir 2014; Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir 2016

³ Ómar Smári Ármannsson 2007

ákvarðanatöku um mótvægisáðgerðir vegna minja í hættu, hvort sem um er að ræða beinar áðgerðir til varnar fornleifunum, svo sem gerð varnargarða, eða frekari gagnaöflunar, t.d. í formi uppgrafter.

Segja má að gildi fornleifaskráningar hafi sannast, svo ekki verður um villst, í tilviki þeirra jarðfræðilegu atburða sem áttu sér stað á Reykjanesskaga árið 2021 og viðbragða Minjastofnunar við þeim, en einnig mikilvægi góðs aðgengis að skráningargögnum. Það fer ekki á milli mála að fornleifaskráningin sem Sveitarfélagið Vogar og Grindavíkurbær höfðu látið vinna, flýtti fyrir undirbúningi verkefnisins. Aðgengi að gögnum yfir staðsetningu minja hefði þó mátt vera betra, þar sem þau var eingöngu að finna í fornleifaskráningaskýrslum en ekki á stafrænu formi. Slíkum gögnum hefði verið hægt að varpa beint inn á kort í landupplýsingakerfi, sem hefði verið ákjósanlegt, sérstaklega fyrir verkefni af þessu tagi þar sem tími var dýrmætur og ekki hægt að segja til um hvort eða hvar kvika myndi brjótast upp á yfirborðið.

4.1.1 Undirbúningur og heimildaöflun


Þótt fyrirbyggjandi fornleifaskráning hafi að mörgu leyti verið ágætlega unnin þá dugðu þau gögn ekki til að veita fullnægjandi yfirsýn yfir minjar á rannsóknarsvæðinu með tilliti til hættu vegna eldsumbrota. Eins og fram hefur komið voru upplýsingar um staðsetningu minja ekki mjög aðgengilegar, en auk þess var lítið um uppmælingar á minjum sem hægt var að varpa inn á kort í landupplýsingakerfi til að fá skýra mynd af umfangi þeirra. Þá var nokkuð um að stórar minjaheildir væru skráðar undir aðeins einu númeri, eða staðsetningu, og upplýsingar um stakar minjar innan þeirra því grafnar í umfjöllunum í skýrslutextum. Má í því sambandi nefna stórar minjaheildir eins og selstöður, en þeim tilheyrja gjarnan fjöldi húsa og annarra mannvirkja.

Undirbúningsvinnan fólst fyrst um sinn í því að vinna hnitaskrár upp úr skráningarskýrslum og koma þeim inn í landfræðilegt upplýsingakerfi, en einnig að draga fram stakar minjar úr textaumfjöllunum um stórar minjaheildir til að geta metið raunumfang minjastaðanna. Auk þessa var rýnt í gömul kort og teikningar, ásamt því að loftmyndir voru skoðaðar.

Því næst var farið markvisst í gegnum gögnin og minjar valdar úr sem enn voru sýnilegar á yfirborði og þar af leiðandi hægt að afla frekari gagna um á vettvangi, t.d. með uppmælingum og flygildismyndatöku. Vörður og leiðir voru þó undanskildar í þessum áfanga, en meiri áhersla lögð á aðrar sýnilegar mannvistarleifar, eins og t.d. tóftir og garðlög. Minjar þar sem fyrirbyggjandi gögn þóttu fullnægjandi voru einnig undanskildar og ekki talin ástæða til frekari vettvangskönnunar á þeim á þessu stigi máls.

Við heimildaöflun og undirbúning vettvangsvinnu varð fljótt ljóst að stærsti minjaflokkurinn, og mögulega sá mikilvægasti, væru selin á Reykjanesskaga. Seljabúskapur var gríðarlega mikilvægur fyrir landbúnað á skaganum sökum rýrra landkosta enda er fjölda slíkra minja að finna á svæðinu. Sel, eða selstöður, voru staðir sem nýttir voru á sumrin – oft einnig kölluð sumarhús. Þangað var farið með búsmala, kindur og/eða kýr, til að halda þeim frá heimatúnunum á meðan grassprettan var sem mest. Í seljum voru skepnurnar mjólkaðar og mjólkin unnin. Einnig eru vísbendingar um að fleiri athafnir hafi farið fram í seljum, s.s.

nýting á öðrum auðlindum í umhverfinu. Í seljum voru hús sem hýstu þá sem þar dvöldu auk kvía/aðhalds (til að smala skepnunum í til mjalta), eldhús, geymslur/búr og jafnvel fleiri rými. Venjan var að hver bær ætti sitt sel, þótt stundum hafi þau verið samnýtt, og eru selin því oft nefnd eftir heimabænum, sjá nánar Mynd 5. Í góðum seljalöndum má oft finna mörg sel, frá mörgum bæjum en jafnvel einnig frá mismunandi tímaskeiðum. Seljabúskapur hófst á Íslandi snemma eftir landnám og var stundaður allt til aldamóta 1900 og jafnvel nokkrum árum lengur.⁴



Mynd 5. Kortið sýnir þekkt sel á slóðum eldsumbrotanna og bæina sem tengdir hafa verið við selstöðurnar.

Fast á eftir seljunum komu minjar sem tengjast sjósókn, þá einkum í landi Ísólfsskála og Hrauns. Þar er að finna fjölmörg fisk- eða herslubyrgi og garða. Fiskur var hér áður fyrr hengdur upp í herslubyrgjum en lagður á herslugarða til þurrkunar þegar veður leyfði. Herslubyrgi voru yfirleitt höfð með gisnum hleðslum til að vindur gæti leikið um fiskinn sem þar hékk. Hraungrjótið í hraunbreiðunni sem umlykur Ísólfsskála hefur því verið tilvalinn efniviður fyrir byrgin sem og garðana þar sem grjótið gefur mikla möguleika á góðri loftun. Stór hluti þessara sjóminja innan jarðarinnar höfðu ekki verið skráðar við aðalskráningu í Grindavík á árunum 2002-2004.


4.1.2 Vettvangsskráning

Að lokinni greiningu á öllum þeim gögnum sem lágu fyrir um minjar í hættu vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga, stóðu eftir 171 fornleifar sem talið var að kanna þyrfti nánar á vettvangi.

⁴ Birna Lárusdóttir 2011: 234.

Gengið var kerfisbundið á minjastaðina og fornleifarnar mældar upp með Trimble GeoExplorer 6000 tæki, en auk þess voru teknar flygildismyndir (ljósmyndir og myndbönd) frá ýmsum sjónarhornum með DJI-Mavic 2-flygildi. Þá voru minjarnar ljósmyndaðar á jörðu niðri og grunnupplýsingar um þær skráðar, t.d. gróðurfar, staðhættir, umfang, tegund og hlutverk.

Nokkur forgangsröðun átti sér stað hvað varðar umferð skráningarfólks um svæðið, sem byggðist á hraunflæðispám frá Eldfjallafræði- og náttúruvörðhópi Háskóla Íslands (sjá dæmi á Mynd 6). Var lögð áhersla á að fara fyrst á þá minjastaði sem þóttu í mestri hættu á að lenda undir hrauni miðað við hraunflæðispár. Spálíkönin áttu þó eftir að taka breytingum þegar á leið og þar af leiðandi forgangsröðun vettvangsskráningarinnar líka.



Mynd 6. Hraunflæðispálíkan frá 3. mars með þekktum menningarminjum. Samsett kort úr gögnum frá Minjastofnun Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses. og Eldfjallafræði- og náttúruvörðhópi Háskóla Íslands.

4.1.3 Friðlýstar fornleifar í þrívídd

Vikuna 6. til 10. september unnu þrír starfsmenn Minjastofnunar að gerð þrívíddarlíkana af þremur friðlýstum minjastöðum í samstarfi við fornleifafræðinga hjá NIKU (Norsk institutt for kulturminneforskning) og Antikva ehf. Notast var við svokallaða myndmælingafræði (e. *photogrammetry*) við gerð þessara líkana og var verkefnið frumraun í notkun þessarar aðferðarfræði hjá Minjastofnun. NIKU hefur tíu ára reynslu á þessu sviði í Noregi og hefur jafnframt starfað með fornleifafræðingum hérlendis við verkefni af þessu tagi. Sérfræðingur NIKU sem ráðinn var í verkefnið og vann þrívíddarlíkönin var Dag-Øyvind Engtrø.

Minjasvæðin, sem voru valin til þess að gera þrívíddarlíkön af í þessum áfanga, voru verminjar við Selatanga, bæjarstæði í Húshólma og útilegumannaminjar í Sundvörðuhrauni, austur af Eldvörpum. Þessir staðir voru valdir þar sem þeir eru allir friðlýstir og taldir einstakir fyrir ýmsar sakir. Á Selatöngum eru t.a.m. heildstæðar verminjar, m.a. fiskbyrgi, verbúðir, vinnsluhús og hesthús sem eru vitnisburður um sjómennsku og líf vermannanna fyrr á öldum. Í Húshólma er fornt bæjarstæði frá landnámsöld, en þar er m.a. að finna skála, útihús, garðlög og mögulega kirkjurúst. Rústirnar eru umvafðar hrauni sem rann á 12. öld og nefnist

Ögmundarhraun. Húshólmi er talinn einstakur minjastaður vegna þessa samspils menningarminja og náttúru. Minjarnar í Sundvörðuhrauni eru taldar tengjast veru útilegumanna á staðnum, en svæðið einkennist af smáum grjóthlöðnum byggingum og refagildrum. Staðurinn er frekar falinn og alls ekki í alfaraleið. Af þeim sökum hefur lengi verið talið að þar hafi útilegumenn haldið sig fyrr á öldum.



Mynd 7. Eitt af fiskbyrgjunum á Selatöngum. Ljósmynd: Agnes Stefánsdóttir.

Bæði Húshólmi og Selatanga voru taldir í hættu á einhverjum stigum eldgossins en Selatanga eru jafnframt staðsettir við sjó og því í stöðugri hættu af völdum ágangs sjávar. Allir þessir minjastaðir eiga það sameiginlegt að vera frekar óaðgengilegir fyrir almenning, sérstaklega hreyfihamlaða og/eða þá sem eiga erfitt með gang. Afar grófir slóðar ná langleiðina að stöðunum en erfitt er að keyra alla leið að minjunum. Við byrgin í Sundvörðuhrauni þarf að ganga og þríla yfir úfið hraunið. Þar sem aðgengi er slæmt að minjastöðum, líkt og á þessum svæðum, er mikilvægt að finna aðrar leiðir til að miðla upplýsingum um þá til almennings, sérstaklega til þeirra sem ekki eiga kost á að komast til að skoða þá. Þrívíddartæknin er einstaklega áhugaverð og skemmtileg miðlunarleið því hún færir minjastaðinn heim í stofu þar sem hægt er að ferðast um hann með einum smelli á músatakkann.



Mynd 8. Við myndatöku á Selatöngum. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.




Mynd 9. Dag-Óyvind Engtro og Ómar Valur
Jónasson setja búnaðinn upp fyrir
flygildismyndatöku á Selatöngum.
Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Myndmælingafræði er einföld í grunninn en krefst mikillar nákvæmni auk þess sem töluvert þarf af tækjabúnaði á vettvangi sem þarf að stilla rétt eftir aðstæðum hverju sinni svo vel til takist. Aðferðafræðin hentar þó ekki aðeins fyrir stór svæði heldur einnig stakar minjar, hús og jafnvel gripi.

Mikilvægt er að mynda viðfangsefnið frá öllum mögulegum sjónarhornum, í 360° með 60-90% skörun á hverri mynd sem smellt er af. Þetta er svo endurtekið a.m.k. þrisvar sinnum úr mismunandi hæð til þess að fá skörun á öllum hliðum myndanna. Því fleiri myndir sem eru teknar því betra verður líkanið, en jafnframt getur verið ákjósanlegt að taka mikið af myndum af ákveðnum einkennum á viðfangsefninu sem eru talin mikilvæg og þá með meiri skörun á hverri mynd. Á stærri svæðum, líkt og í þessu tilfelli, er einnig notast við flygildi til að mynda minjar og umhverfi. Flygildið er látið fljúga sjálfkrafa eftir fyrirfram

tiltekinni leið þar sem það smellir af myndum með ákveðnu millibili.



Mynd 10. Útskýringarmynd sem sýnir aðferðir við ljósmyndun á viðfangsefni með því markmiði að útbúa þrívíddarmódel/líkan.⁵


Öllum ljósmyndum og loftmyndum, sem teknar voru á vettvangi, var hlaðið upp í forritið *Reality Capture* sem var notað til þess að útbúa þrívíddarlíkan af minjunum. Alls voru teknar 8400 myndir á öllum þremur minjastöðunum; 3500 á Selatöngum, 2500 í Húshólma og 2400 af útilegumannabyrgjunum í Sundvörðuhrauni.

Myndataka er þó aðeins hluti af verkferlinu. Líkönin sem unnin voru fyrir alla þrjá minjastaðina eru stór og þung í vinnslu og tók því töluverðan tíma fyrir forritið að vinna úr myndunum svo úr yrðu góð og birtingarhæf líkön. Því næst var útskýringatextum og lýsingum á verkefninu bætt við, á íslensku og ensku. Hægt er að skoða þrívíddarlíkönin inn á [Sketchfab síðu Minjastofnunar Íslands](#).

⁵ Mynd fengin af vef: [Structure from Motion \(SfM\) — Theia Vision Library \(theia-sfm.org\)](#)

4.2 Rannsóknir sem höfðu jarðrask í för með sér

Fljótlega eftir að eldgos hófst í Geldingadölum var talið að jörðin Ísólfskáli og hluti jarðarinnar Hrauns væru í hvað mestri hættu á að lenda undir hrauni. Landeigendur Ísólfskála þurftu því að sækja allar eigur sínar og búa sig undir að missa húsin og jörðina á næstu mánuðum eða jafnvel vikum. Í ljósi þessa voru minjar á þessum jörðum undir sérstöku eftirliti Minjastofnunar og var ráðist í



Mynd 11. Yfirlitskort af staðsetningu uppgriftarsvæða.

gerð könnunarskurða og kjarnaboranir á nokkrum stöðum í framhaldinu. Kjarnaboranir voru gerðar í túni Ísólfskála með það fyrir augum að kanna hvort minjar væru þar undir sverði. Könnunarskurðir voru gerðir í rúst Skálaréttar í landi Ísólfskála, í dældir við Borgarfjallsrétt í landi Hrauns og í rústir fiskbygja í landi Ísólfskála. Miðuðu þeir allir að því að aldursgreina þau mannvirki sem grafið var í en við Borgarfjallsrétt var markmiðið að athuga hvort einhverjar eldri minjar væru við réttina, en réttin sjálf er frá 20. öld og vel sýnileg á yfirborði. Þessar minjar voru taldar í mestri hættu vegna eldgossins við Fagradalsfjall út frá staðsetningu þeirra miðað við hraunrennisspár. Því var brýnt að rannsaka þær nánar og meta út frá niðurstöðum hvort ráðast þyrfti í björgunaruppgröft á einhverjum þeirra.

4.2.1 Kjarnaborun á Ísólfskála

Kjarnaboranir fóru fram í túni Ísólfskála þann 27. maí. Borað var með kjarnabor, 2 sm í þvermál, á sjö mismunandi svæðum í túni Ísólfskála sem og á fjórum mismunandi stöðum á bæjarhólnum. Mjög lítil ummerki fundust um mannvist í borkjörnunum. Í túninu var helst að sjá náttúrulegan jarðveg með stöku torfleifum í og viðarkolaflekkjum. Það sem vakti þó meiri furðu eru litlar vísbendingar um mannvist á sjálfum bæjarhólnum. Í þeim fjórum borkjörnum

sem teknir voru þar mátti einungis finna örlítill ummerki um mannvist í tveimur þeirra. Niðurstöður borkjarnarannsóknna benda því til þess að gamlar minjar sé ekki að finna í núverandi bæjarhóli. Af því er hægt að álykta að elsta byggð á jörðinni hafi verið staðsett annars staðar. Einnig eru önnur gögn sem benda til þess en t.a.m. er gamli brunnurinn horfinn í sjó en samkvæmt úttekkt Árna og Páls í *Jarðbókinni* árið 1703 er greint frá að vatnsbólíð sé lélegt bæði fyrir menn og dýr, sumar og vetur. Þá er nefnt að ástandið sé svo slæmt að brunnurinn muni yfirfyllast af mól og grjóti og að jörðin muni eflaust leggjast í eyði sökum vatnsleysis.⁶ Auk þessa segir í athugasemdum á túnakorti frá árinu 1918:

„Bærinn fluttur frá sjó, byggður að stofni og kálgarður árið 1916. Jörðin hafði þá verið í eyði í 3 ár.“⁷ Eins segir í örnefnalýsingu frá árinu 1980: „Gamli Ísólfsskáli var upp af Skálabót undir Bjallanum vestast. Þar eru nú húsatættur.“⁸



Mynd 12. Yfirlitskort af staðsetningu kjarnabora sem gerðir voru í landi Ísólfsskála.

4.2.2 Könnunarskurður í Skálarétt á Ísólfsskála

Skálarétt var fyrst skráð árið 2004 við fornleifaskráningu Grindavíkurbæjar, en hún var í notkun fram yfir 1916 þegar byggð var ný rétt við Borgarfjall sem tók við hlutverki hennar. Var Skálarétt, eða hluti hennar, nýtt sem kálgarður eftir það.⁹ Réttin var mæld upp af starfsmönnum Minjastofnunar í mars 2021, ásamt öðrum minjum í landi Ísólfsskála, eftir að eldsumbrot hófust í Geldingadölum. Þegar leið á gosið og auknar líkur þóttu á að heimatún Ísólfsskála myndi lenda undir hrauni, var ákveðið að reyna að afla frekari upplýsinga um réttina með greftri könnunarskurðar og fór sú rannsókn fram 30. júní. Var meginmarkmiðið að afla

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1723-24:9

⁷ Túnakort Ísólfsskáli 1918

⁸ Loftur Jónsson 1980

⁹ Þóra Pétursdóttir 2004: 60

upplýsinga um aldur réttarinnar og eins hvort greina mætti ummerki um eldri mannvirki undir henni.

Grafinn var einn könnunarskurður, 3x1 m að stærð, þvert yfir austurvegg réttarinnar, og náði hann um 1 m út frá veggnum í báðar áttir. Komu í ljós grjóthleðslur með jarðvegsfyllingu á milli og var nokkuð greinilegt að um tvö byggingarstig var að ræða, en hlaðið hafði verið ofan á upphaflegu hleðslurnar á einhverjum tímamarki til að hækka vegginn. Ekki sáust þó gjóskulög í skurðinum sem nýta hefði mátt til aldursgreiningar. Nokkrir gripir, þ.e. nokkur glerbrot, eitt keramikbrot, járnnaclar, ein skeifa og hryggjarliður úr kind, fundust innan við vegginn í skurðinum. Eru gripirnir að líkindum allir frá 20. öld, en á svipuðum slóðum sást þunnt brunalag sem gæti bent til þess að rusli hafi verið hent í réttartóftina og það brennt.




Mynd 13. Könnunarskurður í vegg í Skálarétt. Horft í austur. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.

4.2.3 Borgarfjallsrétt í landi Hrauns

Borgarfjallsrétt var staðsett og skráð við fornleifaskráningu Grindavíkurbæjar árið 2004¹⁰. Í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesskaga fóru starfsmenn Minjastofnunar Íslands á vettvang og mældu réttina upp með titrandi jörð undir fótum sér, en snarpir skjálftar voru þá á svæðinu og eldgos ekki hafið í Geldingadöllum. Seinna voru grafnir tveir könnunarskurðir í meintar tóftir eða dældir innan réttarinnar og fór sú rannsókn fram þann 28. júlí 2021. Tóftirnar/dældirnar eru innan garðlags sem er áfast Borgarfjallsréttinni og virðast hvorki tilheyra því mannvirki né réttinni sjálfri (sjá myndMynd 14). Markmið könnunarskurðanna var því að staðfesta eða afsanna þá kenningu að um mannvirki/mannvistarleifar væri að ræða sem mögulega eru eldri en Borgarfjallsréttin. Borgarfjallsrétt sjálf er nokkuð ung en hún var tekin í notkun eftir að fyrrnefnd Skálarétt í landi Ísólfsskála var lögð af á fyrri hluta 20. aldar.

¹⁰ Þóra Pétursdóttir 2004: 77

Könnunarskurðirnir voru 1x4 m og 1x5 m að stærð og dýpst var grafið niður á 90 sm dýpi í stærri skurðinum en niður á 70 sm í þeim minni. Engin mannvist reyndist í könnunarskurðunum tveimur og var niðurstaðan því sú að um náttúrulegar dældir væri að ræða. Í skurðunum mátti greina þykkt gjóskulag sem tekin voru sýni úr en má ætla að sé úr Reykjaneseldum 1211-1240.



Mynd 14. Loftmynd af Borgarfjallsrétt og staðsetningu könnunarskurða.

4.2.4 Fiskbyrgi á Ísólfskála

Í landi Ísólfskála er að finna fjölmörg fiskbyrgi og herslugarða suðaustur af núverandi bæjarstæði, í Skollahrauni. Hraunið er talið vera allt að 1900-2400 ára gamalt¹¹ og eru byrgin og garðarnir hlaðnir upp með hraungrýti. Lítið er til af rituðum heimildum um þessar minjar, en í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* kemur þó fram að heimræði hafi verið á jörðinni og að landeigandinn, Skálholtsstóll, hafi gert þaðan út eitt skip (áttæring) og að sjóbúð í eigu stólsins hafi verið á „lóð jarðarinnar“ sem nýtt hafi verið af áhöfn skipsins á vertíðum. Þar kemur einnig fram að sjóbúðin, eða „sjómannabúðin“, hafi verið byggð í tíð Brynjólfs Sveinssonar biskups (1639–1674) en fyrr hafi ekki verið útgerð á vegum stólsins á Ísólfskála. Einnig er nefnt að ábúandinn hafi sjálfur gert út eitt skip, en stærð þess kemur þó ekki fram.¹² Sjóbúðin er nú horfin undir malarfyllingu í heimreiðinni að sögn eins eigenda jarðarinnar.¹³ Vert er að taka fram að ekki er fjallað um verminjar á Ísólfskála í riti Lúðvíks Kristjánssonar, *Íslenzkir sjávarhættir II*, sem tekur sérstaklega fyrir verstöðvar. Þar er Grindavík merkt á korti sem blönduð verstöð og austur með suðurströndinni er næsta stöð Selatangar og er hún skráð sem útstöð.¹⁴

¹¹ Jarðfræðikort ÍSOR: *Jarðfræðikort ÍSOR* (isor.is)

¹² Árni Magnússon og Páll Vídalín 1923-1924: 8-9

¹³ Valur Helgason, munnleg heimild

¹⁴ Lúðvík Kristjánsson 1982: 30-31

Var ákveðið að grafa í tvö fiskbyrgi á Ísólfskála í þeim tilgangi að aldursgreina byrgin og með von um að skilgreina betur hlutverk þeirra.

Grjóthrun var fjarlægð úr fiskbyrgjunum tveimur. Í öðru þeirra komu í ljós flatar steinhellur sem hafa sennilega verið hluti af gólfinu í byrginu. Þegar grjóthrunið og steinhellurnar höfðu verið fjarlægðar var komið niður á sendið jarðlag sem innihélt dökka og grófa gjósku sem má ætla að sé frá Reykjaneseldum 1211-1240. Sýni voru tekin úr meintu gjóskulagi. Örfá fiski- og fuglabein fundust en því miður fundust engir gripir sem geta sagt til um aldur byrgjanna. Að öðru leyti var á litlu að byggja í fiskbyrgjunum. Mögulegt væri að senda beinin sem fundust í C14 greiningu til að fá upplýsingar um aldur þeirra en slík greining telst varhugaverð þar sem sjávaráhrifa gætir á þessum beinum sem gætu gefið ónákvæma aldursgreiningu.



Mynd 15. Loftmynd tekin með flygildi af sjóminjum á Ísólfskála. Á myndinni eru byrgin tvö, merkt með gulum hringjum, sem voru rannsökuð. Loftmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

4.3 Miðlun

Á meðan á verkefninu stóð upplýsti Minjastofnun almenning um framvindu vettvangsvinnunnar með því að birta fréttir á vefsíðu stofnunarinnar og samfélagsmiðlum. Fljótlega eftir að vinna skráningateymisins hófst sýndu fjölmiðlar, bæði héraendis og erlendis, starfi teymisins mikinn áhuga og óskuðu eftir viðtölum, myndefni og upptökum. Hægt er að nálgast umfjöllun um viðbrögð Minjastofnunar og verkefnið í fjölmiðlum, m.a. í [Fornleifafræðingur flýttir sér á vettvang \(mbl.is\)](#) og [Engin ummerki um dys í Geldingadölum | RÚV \(ruv.is\)](#).

Bæði tímaritið og sjónvarpsstöðin National Geographic höfðu beint samband við starfsmenn Minjastofnunar og óskuðu eftir upplýsingum um verkefnið.

National Geographic framleiðir heimildamyndaþætti sem kallast *Europe from Above* en í þáttunum er ferðast á milli landa Evrópu og ýmis mismunandi atvik eða viðburðir myndaðir með flygildi ásamt því að tekin eru viðtöl við fólk við ýmis

störf í hverju landi fyrir sig. Úr verða stuttar örsögur um fólkið og verkefnið sem það tengist. Sólrún Inga Traustadóttir og Agnes Stefánsdóttir voru þátttakendur í einum þáttanna í seríu 3 sem fjallaði um skráningarverkefnið í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesskaga og var einnig notast við myndefni frá Minjastofnun við gerð þáttarins. Úr varð um 8 mínútna innslag í þættinum sem heitir einfaldlega *Europe from Above: Iceland* en þátturinn fór í loftið 10. október 2021 á sjónvarpsstöð National Geographic sem er aðgengileg í fjölmörgum löndum víðs vegar um heiminn.


4.4 Úrvinnsla

Samhliða vettvangsvinnu var unnið úr þeim landupplýsingum sem safnað var á vettvangi og þeim varpað inn á Minjavefsjá Minjastofnunar, skráð undir verkefnanúmerinu 2626. Úrvinnsla annarra fornleifaskráningargagna stendur yfir sem og úrvinnsla gagna úr könnunarskurðum og borkjarnarannsóknunum. Verður hvort tveggja birt í áfangaskýrslum sem ætlunin er að komi út á fyrri hluta árs 2022. Alls vinna fjórir starfsmenn Minjastofnunar við úrvinnslu rannsóknarinnar samhliða öðrum verkefnum sem þeir sinna hjá stofnuninni. Auk úrvinnslunnar er unnið að áætlun um framhald þessa verkefnis á Reykjanesskaga ásamt því að meta ávinning þess út frá ýmsum hliðum, s.s. minjavernd, náttúruvá og mikilvægi aðferða við skráningu á vettvangi.

5. Niðurstöður

Að lokinni yfirferð yfir fyrirliggjandi skráningargögn stóðu eftir 171 fornleif sem talið var að afla þyrfti frekari upplýsinga um á vettvangi. Alls voru þó á endanum skráðar 356 fornleifar á vettvangi með þeim aðferðum sem lýst er hér að framan, en þessa fjölgun má einkum skýra með því að stórar minjaheildir voru gjarnan skráðar undir einni staðsetningu í eldri skráningum, eins og komið hefur fram. Auk þeirra fundust óskráðar minjar sem bættust við fjöldann.

Minjaflokkar



Mynd 16. Ritið sýnir fjölda fornleifa innan hvers minjaflokks fyrir sig. T.d eru selstöðurnar a.m.k. 24 á rannsóknarsvæðinu en fornleifar innan þeirra eru alls 132.

Stærsti minjaflokkurinn eru minjar á selstöðum, en alls voru skráðar 132 fornleifar á 24 selstöðum á rannsóknarsvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Vegna takmarkaðs graslendis má í sumum tilvikum finna selstöður frá nokkrum bæjum á tiltölulega litlu svæði sem hver og ein samanstendur af nokkrum mannvirkjum, þ.e. íveruhúsum ásamt útihúsum, garðlögum og öðrum byggingum, s.s. vinnsluhúsum og/eða geymslum.



Mynd 17. Rústir Gjasels en þar áttu bæirnir Brunnastaðir og Hlöðunes selstöðu. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.

Á Ísólfskála var skráður töluverður fjöldi af sjóminjum en meðal þeirra má t.d. nefna garðlög og hleðslur sem nýtt hafa verið sem herslugarðar og herslubyrgi við fiskvinnslu á staðnum.

Auk selja- og sjóminja má nefna annan minjaflokk sem var áberandi á rannsóknarsvæðinu en það eru samgönguminjar. Í þann flokk falla t.a.m. gamlar leiðir og vörður. Vörður voru hlaðnar með leiðum til leiðbeiningar og öryggis þeim sem um þær gengu en gátu einnig verið hlaðnar sem kennileiti, svo sem á landamerkjum. Flestar vörður sem skráðar voru í þessu verkefni tengjast leiðum, annað hvort á Vogahéiðinni eða suður með ströndinni. Vörðurnar voru allar grjóthlaðnar. Leiðirnar sem voru skráðar voru í flestum tilfellum enn auðsjáanlegar í landslaginu þótt erfitt gæti verið að rekja þær á stöku stað. Leiðirnar voru þó oft markaðar í hraunbreiðurnar sem einkenna Reykjanesskagann og þó ekki hafi verið ráðist í markvissa skráningu samgönguminja að þessu sinni, voru þær þó mældar upp ef skrásetjarar rákust á þær á ferð sinni um rannsóknarsvæðið.

Við þetta má svo bæta um 120 fornleifum á þremur friðlýstum minjastöðum, Selatöngum, Húshólma og útilegumannabyrgin í Sundvörðuhrauni, sem áður höfðu verið uppmældar en ekki verið myndaðar úr lofti áður. Á vissum tímavörðum voru Selatangar og Húshólmi í hættu vegna eldsumbrota og var því farið á þessa staði og þeir myndaðir af ítrustu nákvæmni með þrívíddartækni. Þrívíddarlíkön voru gerð af stöðunum þremur og er hægt að skoða þau á [Sketchfab síðu Minjastofnunar](#).



Mynd 18. Gengið að útilegumannabyrgjunum á Reykjanesi. Markmið með ferðinni var að gera þrívíddarlíkan af minjunum. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Niðurstöður borkjarnarannsóknar og könnunarskurða leiddu í ljós að engri frekari mótvægisáðgerða var þörf á þessu stigi málsins, en þegar síðustu könnunarskurðirnir voru framkvæmdir fór fljótlega að róast við gosstöðvarnar og ljóst að Ísólfskáli myndi ekki fara undir hraun, a.m.k. í þetta sinn. Sjóminjarnar sem liggja við suðurströndina, suðaustan við bæinn, hafa enn ekki verið aldursgreindar út frá fornleifafræðilegum aðferðum. Út frá rituðum heimildum, staðsetningu mannvirkjana í landslaginu og gerð þeirra er sennilegt að staðurinn hafi verið í notkun einhvern tímann á tímabilinu um miðja 17. – 19. öld.

Ekki er að finna neinar verbúðir á svæðinu og má ætla að þarna hafi einungis verið heimver, líkt og greint er frá í *Jarðabókinni* en sjómenn á vegum biskupsstólsins höfðust við í Skálholtsbúð. Sjóbúð þessi er nú horfin undir heimreið á vestara bæjarstæðinu, þar sem landeigendur eru með sumarhús.¹⁵

Elsti hluti bæjarstæðis Ísólfsskála er sennilega farinn í sjóinn, líkt og heimildir benda til um, en ekki er hægt að segja til um hvort fornleifar séu undir núverandi húsum á bæjarhólnum, önnur en sjóbúð Skálholtsstóls.



Mynd 19. Varða á Vogaheiði hnitsett og skráð með Trimble tæki. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.

6. Lokaorð

Eldgosið, sem hófst í Geldingadölum að kvöldi 19. mars og stóð yfir í um hálf tveimur árum, náði ekki að eyðileggja neinar fornminjar svo vitað sé en lengi voru þó fjölmargir minjastaðir í hættu. Hins vegar ullu jarðskjálftar í aðdraganda gossins tjóni á fleiru en sálarlífi og húsum íbúanna á Reykjanesskaga. Grjóthrun lenti á Sogaseli og nokkrir steinar hafa hrunið úr vegghleðslum fiskbyrgjanna við Selatanga. Vísindamenn telja líklegt að gosið geti verið upphafið að nýju góstímabili á Reykjanesskaga og ef svo reynist vera, er nokkuð ljóst að minjar á skaganum munu áfram vera í hættu.

Við mat á fjölda þeirra fornminja sem settar voru í hættuflokk í tengslum við gosóráðann sem hófst í byrjun mars 2021 var stuðst við gögn stofnunarinnar um minjar sem þekktar eru á svæðinu og heimildir sem hafði þegar verið aflað. Það er þó alveg ljóst að þau gögn eru ekki tæmandi listi þar sem heildræn skráning fornleifa á öllum Reykjanesskaga hefur ekki farið fram. Fyrirliggjandi skráningargögn veita auk þess ekki alltaf fullnægjandi yfirsýn yfir minjar á svæðinu, með tilliti til mótvægisáðgerða vegna áframhaldandi eldsumbrota, auk þess sem þau uppfylla oft á tíðum ekki nógildandi staðla. Því þarf víða að uppfæra fyrirliggjandi skráningu og suma hluta svæðisins þarf að skrá frá grunni. Sé t.d. einungis talað út frá seljaminejum má nefna að talið er líklegt að þar sé að finna hátt í 400 selstöður og eru þá ótaldir aðrir minjaflokkar sem á skaganum er að finna.

Því er ljóst að mikið verk er fyrir höndum við að rannsaka og skrá þessar minjar, áður en illa fer. Minjastofnun leggur til að áfram verði haldið að safna öllum gögnum um minjastaði er gætu verið í hættu í nánustu framtíð á Reykjanesskaga. Einnig er mikilvægt að farið verði í ítarlegri fornleifarannsóknir á seljum á skaganum áður en mikilvægar upplýsingar um þau glattist og þar með saga fólksins sem hafðist þar við.

¹⁵ Valur Helgason, munnleg heimild

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Agnes Stefánsdóttir. 2008. *Svartsengi-Eldvörp. Fornleifaskráning.* Fornleifavernd ríkisins, Rammaáætlun. Reykjavík.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1923-1924. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja bindi. Gullbringu- og Kjósarsýsla.* Hið íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.
- Birna Lárusdóttir. 2011. *Mannvist. Sýnisbók íslenskra fornleifa.* Bókaútgáfan Opna. Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 2001. *Viðbót við fornleifaskráningu vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík. Nýjar veglínur og námur.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík. Viðauki: Óbrennishólmi og næsta nágrenni.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík.
- Bjarni F. Einarsson. 2003. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Suðurstrandarvegar frá Þorlákshöfn að Grindavík og náma tengdum honum. Viðbót: Heimreið að Vogsum. Lokaskýrsla.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifakönnun, Reykjanesbraut.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík. 1. áfangi.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. 2011. Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2014. Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla II.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. 2016. Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla III.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2018. Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri). *Grindavíkurvegur: Fornleifaskráning vegna lagfæringa og breikkun vegar.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Þóra Pétursdóttir. 2018. Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstjóri). *Fornleifar í Þórkötlustaðahverfi. Verndarsvæði í byggð.* Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.
- Katrín Gunnarsdóttir. 2012. *Fornleifaskráning í Grindavík í landi Húsatófta og Járngerðarstaða. Vegna tveggja valkosta lagnar frá niðurdælingarstöð suðvestan við Svartsengi fram í sjó vestan Grindavíkur.* Byggðasafn Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður.

- Lúðvík Kristjánsson. 1982. *Íslenzkir sjávarhættir II*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Ómar Smári Ármannsson. 2007. *Sel og selstöður á Reykjanesskagagnum vestan Esju. Heimildir, fjöldi, staðsetning, gerð og aldur*. Ritgerð til BA-prófs. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið. Reykjavík
- Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir. 2013. *Fornleifaskráning Í Eldvörpum og milli Prestastígs og Skipsstígs*. Grindavík.
- Ómar Smári Ármannsson og Ragnheiður Traustadóttir. 2013. *Fornleifaskráning vegna affallslagnar frá Svartsengi í sjó við Vörðutanga*. Grindavík.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2013. *Deilskráning í landi Húsatófta, Grindavík*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík
- Póra Pétursdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grindavík. 2. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Póra Pétursdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.

Óprentaðar heimildir

Örnefnaskrá Ísólfskála. Loftur Jónsson skráði árið 1980. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Vefsíður

Ferlir.is. Áhugafólk um Reykjanesskagann. Vefslóð: Ferlir.is

Theia Vision Library. Vefslóð: [Structure from Motion \(SfM\) — Theia Vision Library \(theia-sfm.org\)](http://Structure from Motion (SfM) — Theia Vision Library (theia-sfm.org))

Íslenskar orkurannsóknir. Jarðfræðikortavefsjá. Vefslóð: [Jarðfræðikort ÍSOR \(isor.is\)](http://Jarðfræðikort ÍSOR (isor.is))

Munnlegar heimildir

Valur Helgason, landeigandi að Ísólfskála. 27. maí 2021.

Myndaskrá

Mynd 1: Kortið sýnir staðsetningu og styrkleika skjálfta á Reykjanesskaga 24. febrúar 2021. Kort: Veðurstofa Íslands.....	4
Mynd 2. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu þekkra gossprungna og gíga á rannsóknarsvæðinu.....	5
Mynd 3. Yfirlitskort sem sýnir umfang rannsóknarsvæðisins.	6
Mynd 4. Horft yfir hraunbreiðu og grænar gróðurvinjar á Reykjanesi. Á myndinni má jafnframt greina seljarústir, kenndar við bæinn Flekkuvík. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	7
Mynd 5. Kortið sýnir þekkt sel á slóðum eldsumbrotanna og bæina sem tengdir hafa verið við selstöðurnar.....	9
Mynd 6. Hraunflæðispálíkan frá 3. mars með þekktum menningarminjum. Samsett kort úr gögnum frá Minjastofnun Íslands, Fornleifastofnun Íslands ses. og Eldfjallafræði- og náttúruvæðingardeild Háskóla Íslands.....	10
Mynd 7. Eitt af fiskbyrgjunum á Selatöngum. Ljósmynd: Agnes Stefánsdóttir.....	11
Mynd 8. Við myndatöku á Selatöngum. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	12
Mynd 9. Dag-Öyvind Engtro og Ómar Valur Jónasson setja búnaðinn upp fyrir flygildismyndatöku á Selatöngum. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	12
Mynd 10. Útskýringarmynd sem sýnir aðferðir við ljósmyndun á viðfangsefni með því markmiði að útbúa þrívíddarmódel/líkan.....	13
Mynd 11. Yfirlitskort af staðsetningu uppgriftarsvæða.	14
Mynd 12. Yfirlitskort af staðsetningu kjarnabora sem gerðir voru í landi Ísólfskála.....	15
Mynd 13. Könnunarskurður í vegg í Skálarétt. Horft í austur. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.	16
Mynd 14. Loftmynd af Borgarfjallsrétt og staðsetningu könnunarskurða.	17
Mynd 15. Loftmynd tekin með flygildi af sjóminjum á Ísólfskála. Á myndinni eru byrgin tvö, merkt með gulum hringjum, sem voru rannsökuð. Loftmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	18
Mynd 16. Ritið sýnir fjölda fornleifa innan hvers minjaflokks fyrir sig. T.d eru selstöðurnar a.m.k. 24 á rannsóknarsvæðinu en fornleifar innan þeirra eru alls 132.	20
Mynd 17. Rústir Gjasels en þar áttu bæirnir Brunnastaðir og Hlöðunes selstöðu. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.	20
Mynd 18. Gengið að útilegumannabyrgjunum á Reykjanesi. Markmið með ferðinni var að gera þrívíddarlíkan af minjunum. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	21
Mynd 19. Varða á Vogaheiði hnitsett og skráð með Trimble tæki. Ljósmynd: Ásta Hermannsdóttir.	22

Viðaukar

Viðauki 1: Fornleifaskrá, tafla yfir skráðar minjar

Sérheiti	Minjaflokkur	Tegund	Hlutverk	Heiti jarðar, 1847	Auðkenni	Skrásetjari	Dags.	Ástand	Horfin?	Hættumat	Hættuorsök
Borg	landbúnaðarminjar	hleðsla	fjárborg	Ísólfsskáli	2626-1	Þór Hjaltalín	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
Borgarfjallsrétt	landbúnaðarminjar	hleðsla	rétt	Hraun	2626-2	Þór Hjaltalín	05.03.21	heillegar		hætta	náttúruvá
	býli	garðlag	varnargarður	Ísólfsskáli	2626-3	Þór Hjaltalín	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
Snorrastaðasel	efnistaka og nýting	náma	mógrafir	Stóru Vogar	2626-4	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
	selstaða	tóft	sel	Stóru Vogar	2626-5	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
	landbúnaðarminjar	girðing	vörslugarður	Stóru Vogar	2626-6	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
	veiðiminjar	hleðsla	óþekkt	Stóru Vogar	2626-7	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
	óskilgreind	hleðsla	skotbyrgi	Stóru Vogar	2626-8	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
veiðiminjar	hleðsla	skotbyrgi	Stóru Vogar	2626-9	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá	
veiðiminjar	hleðsla	skotbyrgi	Stóru Vogar	2626-10	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá	
Pétursborg	landbúnaðarminjar	hleðsla	fjárborg	Stóru Vogar	2626-11	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
Arahnúksel	selstaða	tóft	sel	Stóru Vogar	2626-12	Ómar Valur Jónasson	05.03.21	vel greinanleg		hætta	náttúruvá
	óskilgreind	varða	óþekkt	Stóru Vogar	2626-13	Margrét Valmundsdóttir	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
	óskilgreind	varða	óþekkt	Stóru Vogar	2626-14	Margrét Valmundsdóttir	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
	óskilgreind	varða	óþekkt	Stóru Vogar	2626-15	Margrét Valmundsdóttir	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
	óskilgreind	varða	óþekkt	Stóru Vogar	2626-16	Margrét Valmundsdóttir	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
Vogasel yngra	selstaða	tóft	sel	Stóru Vogar	2626-17	Margrét Valmundsdóttir	05.03.21	greinanleg		hætta	náttúruvá
